

til og frá Vestmannaeyjum, sérstakt vörugjald, er nemi allt að 50% af vörugjaldi til Vestmannaeyjahafnar eins og það er á hverjum tíma, og skal um upphæð gjaldsins, innheimtu og annað, er þurfa þykir, ákveðið með reglugerð, er bæjarstjórn semur og atvinnumálaráðherra staðfestir. 40
19. júní

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem innfluttar eru til stofnana eða einstakra manna, búsettra í öðrum héruðum, eða koma frá þeim til útflutnings, enda þótt settar séu í land í Vestmannaeyjum.

Gjald þetta má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að vörur megi ekki afhenda eða afgreiða til útflutnings, nema sýnd sé kvittun fyrir greiðslu gjaldsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1935.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 71 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög. 41
19. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðanna „og er þá félagið löglega stofnað“ í lok 2. gr. komi: og skal leita staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á þeim.

2. gr.

3. gr. B. orðist þannig:

Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

41

19. júní

3. gr. C. orðist þannig:

Ennfremur getur félagið tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán. Lánin má taka í erlendri mynt. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán samkvæmt 4. gr. í þeim flokki. Ekki mega vera færri en 15 félagsmenn í hverjum flokki.

4. gr.

Orðin „með tveggja til fjögurra herbergja íbúðum, auk eldhúss og geymslu“ í 6. gr. A. falli burt.

Í þess stað komi: og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum.

5. gr.

Ríkisábyrgðin fyrir lánum til byggingarsamvinnufélaga er því skilyrði bundin, að fyrsti veðréttur að viðbættri ríkisábyrgð nemi ekki hærri upphæð en 15 þús. kr. fyrir hverja einstaka íbúð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.

42

19. júní

L Ö G

um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Meðalalýsi lýsi til manneldis, sem er unnið úr fisklifur, samkvæmt skilmerkingu viðurkenndrar lyfjaskrár (pharmacopoea).